

Mál nr. 347/2025

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Gildissvið vátryggingar. Ásetningur. Samsömun.

Gögn.

1. Málskot móttakið 8. október 2025 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 8. október 2025.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 9. október 2025.
4. Viðbótarathugasemdir V dags. 16. október 2025.
5. Viðbótargögn frá V dags. 4. nóvember 2025.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirbyggjandi lögregluskýrslu, dags. 22. apríl 2023, voru lögreglumenn vitni að því þegar tveir dyraverðir, annar þeirra Y, fylgdu M út af veitingastað X aðfaranótt 22. apríl 2023. Í kjölfar þess baðaði M, samkvæmt því sem fram kemur í skýrslunni, öngum sínum í átt að Y, sem brást illa við og ýtti harkalega við M. M kastaðist þá yfir götuna og skall með höfuðið í malbikið. Varð M fyrir líkamstjóni við þetta atvik. Ákæra var gefin út á hendur Y vegna brots á 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og var hann í héraðsdómi dæmdur til refsingar, enda taldist skilyrði um ásetning hans uppfyllt eins og segir í dómnum.

Í málskoti kemur fram að M geri kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu X enda hafi starfsmaður þess, Y, farið offari í störfum sínum og með því sýnt af sér saknæma háttsemi. V hafi, með bréfi dags. 30. september 2024, hafnað bótaskyldu á grundvelli þess að fall M mætti frekar rekja til ölvunar hans sjálfs og ekki hefði verið sýnt fram á að líkamstjón hans væri að rekja til saknæmra mistaka Y. Í kjölfar þess að dómur í málinu var kveðinn upp hafi verið gerð krafa um að V endurskoðaði þá afstöðu sína, enda fullsannað að mati M að líkamstjón hans sé að rekja til saknæmrar háttsemi Y sem X beri vinnuveitendaábyrgð vegna. Þrátt fyrir ítrekanir hafi þeirri kröfu ekki verið svarað.

Í bréfi V til nefndarinnar er vísað til 1. mgr. 27. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 og 10. gr. skilmála viðkomandi vátryggingar en þar komi fram að V beri ekki ábyrgð hafi vátryggður valdið því af ásetningi að vátryggingarathurður varð. Fyrir liggir að Y hafi verið sakfelldur fyrir brot gegn 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga og hafi dómurinn komist að þeirri niðurstöðu að um ásetning Y hafi verið að ræða. Þrátt fyrir að Y hafi ekki ætlað sér að slasa M hafi honum ekki getað dulist að það gæti orðið afleiðing þess að hann ýtti við honum, sér í lagi þegar litið sé til ölvunarástands M og aflsmunar milli Y og M. Sé sönnunarbyrði um ásetning í skilningi vátryggingaréttar einnig uppfyllt enda hafi Y vitað eða mátt vita að háttsemi hans gæti valdið líkamstjóni. Sé bótaréttur því ekki til staðar. Máli sínu til stuðnings vísar V m.a. til dóma Landsréttar í máli nr. 501/2019 og dóms Hæstaréttar í máli nr. 696/2013.

Í viðbótarathugasemdum M er byggt á því að dómur Hæstaréttar í máli nr. 696/2013 hafi ekki fordæmisgildi í þessu máli enda séu atvik allt önnur. Í því máli hafi dyravörður farið út fyrir starfssvið sitt og brot hans hafi ekki verið í tengslum við framkvæmd starfs hans. Líkamsárásin sem hér um ræðir hafi hins vegar átt sér stað í tengslum við brottvísun M af staðnum, og hafi brotið því átt sér stað er Y var að sinna starfsskyldum sínum. Hafi hann ekki farið svo langt út fyrir starfssvið sitt að vinnuveitendaábyrgð eigi ekki við.

Í viðbótarathugasemdum V er því borið við að misskilnings gæti við túlkun M á Hæstaréttardómi í máli 696/2013. Þar hafi vinnuveitandi verið sýknaður þar sem viðkomandi starfsmaður hafi farið út fyrir starfssvið sitt og því hafi ekki stofnast bótaskylda úr ábyrgðartryggingu. Það hafi jafnframt verið sjálfstæð ástæða þess að vátryggingafélagið í því máli var sýknað að tjóni hafi verið valdið af ásetningi. Þá sé ljóst, og megi m.a. ráða það af lögskýringargögnum með frumvarpi því er varð að lögum um vátryggingarsamninga, að það sé grundvallarregla í skaðatryggingum að einungis sé hægt að vátryggja gegn tjóni sem frá sjónarhóli hins vátryggða hafi orðið af tilviljun. Beri V því ekki ábyrgð á tjóni sem vátryggður veldur af ásetningi.

Álit.

Fyrirliggjandi er dómur héraðsdóms í máli Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu gegn Y. Var Y þar dæmdur til refsingar vegna brots gegn 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga en svo dæmt sé vegna brots gegn því ákvæði þarf ásetningur að vera til staðar. Í niðurstöðukafla dómsins kemur m.a. fram að árás Y hafi ekki verið tilefnislaus en að sjónarmið um neyðarvörn ættu þó ekki við. Taldi dómurinn þá skilyrði um ásetning Y vera uppfyllt. Nefndin telur sér ekki fært annað en að byggja á þeirri niðurstöðu, þ.e. að um ásetningsbrot hafi verið að ræða.

Afstaða nefndarinnar er hins vegar sú að atvik þessa máls sé talsvert frábrugðin þeim aðstæðum er voru að baki dómi Hæstaréttar í máli nr. 696/2013 sem báðir aðilar vísa til málflutningi sínum til stuðnings. Í því tilviki var vinnuveitandi í fyrsta lagi sýknaður á grundvelli þess að líkamstjón tjónþola hefði átt sér stað ekki minna en 15 metrum frá anddyri umrædds veitingastaðar og 10 til 15 mínútum eftir að upphaflegum stimpingum tjónþola og dyravarðanna lauk. Var háttsemi þeirra því talin svo fjarri starfsskyldum þeirra að ábyrgð yrði ekki felld á vinnuveitanda. Ekki er fjallað um ásetning þeirra, sem virðist hafa verið til staðar, í því samhengi.

Í dómnum er þá vísað til þess að bæði vinnuveitandi og starfsmenn hans væru vátryggðir samkvæmt 1. gr. viðeigandi vátryggingarskilmála. Þar sem starfsmennirnir höfðu valdið tjóni af ásetningi var bótaskylda úr ábyrgðartryggingu hvað þá varðaði því ekki til staðar.

Í máli því sem hér er til skoðunar eru aðstæður nokkuð aðrar og fordæmisgildi framangreinds Hæstaréttardóms því að nokkru takmarkað. Þannig er það mat nefndarinnar að líkamsárás Y hafi verið í beinum tengslum við starf hans, þ.e. gerst í beinu framhaldi þess að Y vísaði M út af staðnum. Verður bótaskylda úr ábyrgðartryggingu X því ekki hafnað á grundvelli þess að brotið hafi ekki verið í tengslum við starf Y.

Eins og áður greinir var þó um ásetningsbrot Y að ræða og kemur þá til skoðunar hvort bótaskylda úr ábyrgðartryggingu X verði felld niður á grundvelli þess. Í 1. mgr. 27. gr. laga um vátryggingarsamninga kemur fram að hafi vátryggður valdið því af ásetningi að vátryggingaratburður varð beri félagið ekki ábyrgð. Þetta ákvæði endurspeglar jafnframt í gr. 10 í skilmálum ábyrgðartryggingar X hjá V en þar kemur fram að verði vátryggingaratburður rakinn til ásetnings vátryggðs beri félagið ekki bótaábyrgð. Kemur þá til skoðunar hvort Y sé vátryggður samkvæmt skilmálum ábyrgðartryggingar X hjá V. Samkvæmt gr. 1 í skilmálum hennar er „vátryggingartaki“, þ.e. X, „vátryggður“, en aðrir aðilar, s.s. starfsmenn X ekki tilteknir. Vátryggingarskírteini, sem nefndin kallaði sérstaklega eftir, gefur þá ekki frekari vísbendingar um hvort aðrir en X eru vátryggðir, en af 1. mgr. 27. gr. leiðir að ásetningur vátryggðs, en ekki annarra, þarf að koma til. Samkvæmt framangreindu verður ekki talið að Y hafi verið vátryggður samkvæmt ábyrgðartryggingu X í þessum skilningi. Eru því aðstæður hvað þetta varðar ólíkar þeim sem voru uppi í Hæstaréttardómi nr. 696/2013, þar sem sérstaklega virðist hafa verið tiltekið í skilmálum að starfsmenn væru vátryggðir.

Að síðustu kemur þá til skoðunar hvort V sé rétt að beita samsömun. Í máli V fyrir nefndinni virðist raunar ekkert fjallað um samsömun sem slíka, heldur gengið út frá því að Y sé „vátryggður“. Þrátt fyrir það telur nefndin sér ekki annað fært en að skoða ákvæði laga og skilmála V að því er samsömun varðar.

Í 3. mgr. 29. gr. laga um vátryggingarsamninga segir að í vátryggingum sem tengjast atvinnustarfsemi megi með þeim takmörkunum sem leiðir af 1. mgr. 41. gr., semja um að vátryggður geti glatað rétti sínum til bóta í heild eða að hluta vegna háttsemi nánar tilgreindra manna eða hópa. Í athugasemdum í greinargerð með frumvarpi því er varð að lögum um vátryggingarsamninga segir svo um þetta ákvæði: „*Meginreglan í þeim vátryggingum er sú að ekki skuli vera um samsömun að ræða nema um það sé sérstaklega samið í vátryggingarsamningi. Heimildum félagsins til slíkra samninga eru ekki sett önnur takmörk en þau sem leiða af kröfum um sanngirni. Það verður því að ætla að sá sem samsamaður er vátryggðum hafi þá stöðu í atvinnurekstrinum að sanngjarnt sé að beita samsömun. Við sanngirnismatið yrði m.a. að líta til umfangs atvinnustarfseminnar og sérstakrar þarfar félagsins fyrir að takmarka ábyrgð sína.*“

V hefur, í 18. gr. skilmála ábyrgðartryggingar atvinnureksturs, sett fram ákvæði um samsömun í vátryggingum sem tengjast atvinnurekstri og á tjónsdegi var umrætt ákvæði svohljóðandi: „*Félaginu er heimilt að bera fyrir sig að starfsmenn vátryggingartaka hafi brotið gegn ákvæðum vátryggingarinnar skv. 3. mgr. 29. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.*“

Felur ákvæði þetta í sér að V hefur samið um samsömun í vátryggingum sem tengjast atvinnurekstri, á grundvelli 3. mgr. 29. gr. laganna. Um er að ræða undanþágu frá þeirri meginreglu að ekki skuli vera um samsömun að ræða og e.t.v. má halda því fram að umrædd undanþága, eins og hún er sett fram í

skilmálum V, kunni að vera fullrúm sé litið til þess sem fram kemur í athugasemdum með lagagreininni, þ.e. um að ætla verði að sá sem samasamaður sé vátryggður hafi þá stöðu í atvinnurekstrinum að sanngjarnt sé að beita samsömun. Umrætt skilmálaákvæði nær hins vegar samkvæmt orðalagi sínu til allra starfsmanna X.

Eins og atvikum þessa máls er háttað verða þó ekki talin efni til annars en að beita umræddu ákvæði samkvæmt orðanna hljóðan og verður X því samsamað háttsemi Y. Felur það í sér að ásetningsbrot Y, sem leiddi til líkamstjóns M, er ekki bótaskylt úr ábyrgðartryggingu X, samkvæmt 1. mgr. 27. gr., sbr. 3. mgr. 29. gr., laga um vátryggingarsamninga.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 11. nóvember 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson
Óskarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða